



14. árg. 4. tbl. 2005. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Grandagarði 8, 101 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Egill Baldursson — egillb@mmedia.is

Allsherjarþing Ásatrúarfélagsins 2005

verður haldið að Grandagarði 8,
þann 29. október kl. 14.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar og nefnda
- Endurskoðaðir reikningar lesnir og bornir upp til staðfestingar
- Umræður um skýrslu stjórnar og nefnda
- Kosið í stjórn og aðrar trúnaðarstöður
- Önnur mál

Hautblót félagsins 1. vetrardag

Svo haldið sé í hefðir og lög Ásatrúarfélagsins ber að halda hautblótið 1. vetrardag, sem ber upp á 22. okt. að þessu sinni og hefst borðhald kl. 20, en Allsherjarþingið síðasta laugardag í okt.

Allsherjargoði helgar blótið sem verður með hefðbundnu sniði, og að helginni lokinni mötumst við og skemmtum okkur saman.

Aðgöngumiða þarf að greiða fyrirfram (reikn. 0101-26-011444, kt. 680374-0159) og kostar miðinn aðeins 2.000 kr. en börn í fylgd með foreldrum, 12 ára og yngri, fá frítt. Miðarnir verða svo afhentir við innganginn og eru ávísun á matinn. Einnig verður hægt að kaupa miða við innganginn á 2.500 kr., en fjöldi slíkra miða hlýtur að takmarkast við innkeypt magn matar. Félagsmenn eru hvattir til að taka með sér utanfélagsgesti. — Góða skemmtun!

Siðfestuathafnir kynntar fyrir almenningi

Siðfestuathafnir verða framvegis fastur liður í starfi Ásatrúarfélagsins. Þær hafa ekki verið haldnar reglulega, en slíkar athafnir fara jafnan fram að vori eða snemma sumars. Sumardagurinn fyrsti og vorjafndægur eru vinsælir dagar til siðfestu og gert er ráð fyrir að þeir verði áfram helstu siðfestudagar heiðinna manna.

Í vetur verður athöfnin kynnt fyrir almenningi, m.a. í skólum, og unglíngum verður gefinn kostur á að kynna sér hana til mótvægis við fermingu kristinna manna.

Allir þeir sem kjósa siðfestuathöfn Ásatrúarfélagsins geta fengið hana, en þeir sem ekki eru orðnir 16 ára þurfa samþykki forráðamanns.

Viðkomandi þarf að þekkja til trúarinnar og hafa verið í sambandi við heiðna menn (t.d. goða) í a.m.k. hálf t.ár.

Goðar hafa undanfarið unnið að skipulagningu fræðslunnar sem eflaust á þó eftir að taka nokkrum breytingum.

Undirbúningur siðfestuathafnarinnar felst í fræðslu um heiðinn sið, heiðin goð og gildi, s.s. umburðarlyndi, ábyrgð, heiðarleika, og virðingu fyrir sjálfum sér, náttúrunni og öllu lífi. Hávamál og Völuspá eru lesin og fróðleikur og líffsýn sem í þeim felst skoðuð opnum huga. Að lokinni fræðslu getur viðkomandi gengið til siðfestu.

Athöfnina sjálfa má framkvæma innanhúss eða utan. Frumkraftarnir fjórir; eldur, vatn, vindur og jörð eru ávallt til staðar. Goði helgar blót samkvæmt venju, lýsir sáttum og griðum og helgar mjöð í horni (vatn eða annað).

Eldhringur er á jörðu, siðfestumanni er boðið að stíga inn í hringinn þar sem hann flytur a.m.k. eitt af þeim þremur erindum Hávamála sem hann hefur valið sér til inngöngu í heiðinn sið, en goði flytur hin. Eftir að erindin þrjú hafa verið flutt heldur goði siðfestublót, vísar siðfestumanni inn í heim heiðinna manna og áréttar megináherslur þeirra:

- Heiðarleika, umburðarlyndi og trúmennsku
- Ábyrgð á sjálfum sér og sínum
- Virðingu fyrir náttúrunni og öllu lífi

Að því loknu bergir goði á horninu, drekkur heill siðfestumanns og lætur hornið ganga ef vill. Að athöfn lokinni, áður en stigið er út úr hringnum, afhendir goði siðfestumanni Hávamál sín, árituð af sér, til staðfestingar á siðfestuathöfninni.

Aðalfræðslufni fyrir siðfestu eru þessi:

- 1 Hávamál, lesin og notuð sem umræðugrundvöllur fyrir heiðin gildi. Úr Hávamálum eru valin þrjú erindi sem inngönguheilræði í heiðinn sið.
- 2 Völuspá lesin og fjallað um heimsmynd ásatrúarinnar. Lesið, spurt og svarað.
- 3 Fjallað um heiðin tákni — hringinn, frumkraftana, Þórshamarinn o.s.frv. Goð og vættir kynnt.
- 4 Fjallað um gildi heiðins siðar— umburðarlyndi, ábyrgð, heiðarleika, og virðingu fyrir sjálfum sér og öllu lífi.

Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði



Í rökkrinu dunaði hringdansinn undir tónlist Krákunnar.

Frá félagsstarfinu

Þrjú blót voru haldin undir berum himni í sumar og í haust. Að sjálfsögðu var þingblótið að venju á Þingvöllum á hefðbundnum tíma, en sumum fannst aðstaðan vera bágborin sem boðin var í Valhöll að þessu sinni og spurning hvort við ættum ekki að vera með okkar eigið veislutjald og búðir á næsta ári.

Eyvindur P. Eiríksson Vestfirðingagoði, blótaði við sjó við Arnardal að viðstöddum gestum og staðgengi allsherjagoða, sem hljóp í skarðið fyrir Hilmar Örn og gaf saman brúðhjón helgina áður. Því miður komst ritstjóri ekki að þessu sinni en blótinu voru gerð skil m.a. í *Bæjarins besta*.

Jónína K. Berg Þórsnessgoði og staðgengill allsherjagoða, hélt sitt árlega Dísarblót, að þessu sinni í Jafnaskarðsskógi í Borgarfirði. Veðrið lék við okkur, það var svolítið kalt en stilla. Dulúðin leyndi sér ekki í ljósaskiptunum þegar blótgestir tendruðu kyndla í falgelum lundi í miðjum skóginum.

Nýr tími hefur verið fundinn fyrir barnastarf Ásatrúarfélagsins, þ.e. fyrsta laugar dag hvers mánaðar kl. 13:00 að Grandagarði 8. Barnastarfið er hugsað fyrir börn á aldrinum 5 til 12 ára og eru foreldrar hvattir til að mæta og/eða hafa samband og kynna sér þetta. Svarað er í síma Ásatrúarfélagsins á skrifstofutíma.

Danska tríóið *Krauka* með Guðjón Rúdolf (Gauja) í broddi fylkingar skemmti á Grandanum 7. október sl. Þetta reyndist vera hin besta skemmtun og var m.a. stigin hringdans. — *Ritstjóri tók saman.*

Söluferlið

Stjórnarmönnum hafa, þann mánuð, sem liðinn er, síðan ákveðið var að selja húseign Ásatrúarfélagsins, borizt til eyrna ýmsar kynjasögur varðandi söluferlið. Margar þessara tröllasagna eru það fjarstæðukenndar, að augljóst má vera, að upplýsingar er þörf um nokkrar staðreyndir málsins.

Hörgur ehf. er eignarhaldsfélag Ásatrúarfélagsins, sem stofnað var á sínum tíma vegna kaupa félagsins á húsnæði að Grandagarði 8, Reykjavík. Stjórn Hörgs skipa Róbert Árni Hreiðarsson, lögmaður, sem er formaður, Óttar Ottósson, lögsögumaður, og Sveinn Aðalsteinsson, gjaldkeri Ásatrúarfélagsins. Lögsögumaður á fast sæti í stjórn Hörgs, en þriðja sætinu getur Ásatrúarfélagið ráðstafað að vild. Strax eftir allsherjarþing haustið 2004, ákvað stjórn félagsins, að bezt færi á, að gjaldkerinn skipaði þetta sæti.

Hörgi barst í ágúst sl. tilboð í húseign félagsins. Það verð, sem var boðið, var allmiklu hærra, en áður hafði sézt, nefnilega kr. 95.000.000. Hörgur mælti eindregið með, að tilboði þessu yrði tekið og sömu sögu er að segja um stjórn Ásatrúarfélagsins. Lögréttufundur, sem haldinn var 22. ágúst sl., samþykkti síðan samhljóða, að rétt væri að ganga að tilboði þessu, fengist fyrir því samþykki aukaallsherjarþings, sem tafarlaust yrði boðað til.

Á aukaallsherjarþingi, sem haldið var 10. september sl., var málið rætt í þaula, en síðan gengið til atkvæða um, hvort selja skyldi eignina fyrir áðurnefnt verð. Tillagan sú var samþykkt með 37 (59%) atkvæðum gegn 26 (41%). Þannig ákvað þingið, að ganga skyldi að tēðu tilboði, nema betra tilboð bærist, áður en frestur til að binda kaupin fastmælum rynni út.

Áðurnefndur frestur rann út þórsdaginn 15. september sl., kl. 13:00. Þá hafði eitt annað tilboð borizt, að upphæð kr. 100.000.000, en hafði verið dregið til baka nokkru fyrir lokafrest. Það tilboð, sem aukaallsherjarþingið hafði fjallað um, telst því endanlegt og var frá því gengið þennan sama dag.

Seinna sama dag, kl. 16:00, barst Ásatrúarfélaginu enn eitt tilboð. Á því munu vera einhverjir formgallar, sem reyndar enga þýðingu hafa, því tilboð þetta barst of seint.

Afhending eignarinnar skal fara fram 15. október 2005, en þá skal annars vegar kaupsamningur vera undirritaður og hins vegar kaupverð að fullu greitt. Seljanda er hins vegar heimilt að nýta þann þriðjung eignarinnar, sem nú er í notkun, án endurgjalds til 15. janúar 2006.

Þegar þetta er ritað, hefur ekki verið tekin ákvörðun um framtíðarhúsnæði félagsheimilis Ásatrúarfélagsins.

Óttar Ottósson, lögsögumaður.

Fjölþóstur

Stöku sinnum, þegar félagið þarf að koma á framfæri árfíðandi tilkynningum, er sendur út fjölþóstur á netföng þeirra félagsmanna, sem þess hafa óskað. Netfangalisti þessi er einnig notaður til að senda út Vorn Sið á pdf-formi.

Síðast var gripið til þessa ráðs, þegar send var út tilkynning um tónleika Kráku Guðjóns Rúdólfs í félagsheimili okkar friggjardaginn 7. október sl. Ákvörðun um tónleika þessa bar nokkuð brátt að, svo ástæða þótti til að senda út tilkynningu til þeirra 59 félagsmanna (og fjölmiðla), sem á listanum voru. Tilkynningin var reyndar samhljóða tilkynningu á heimasíðu félagsins.

Við útsendinguna kom í ljós, að hátt í tugur netfanganna var ónothæfur. Algengasta ástæðan virtist vera, að netföng höfðu verið lögð niður. Því eru félagar, sem ekki fengu téða tilkynningu, en hefðu vænt þess að fá hana, eða einfaldlega óska þess, að netfang þeirra verði fært á þennan lista, hvattir til að senda undirrituðum tölvupóst þess efnis. Þetta stendur vitaskuld öllum félagsmönnum til boða. Vart þarf að taka fram, að óski einhver að hætta móttöku fjölþósts af þessu tagi, nægir að tillkynna slíkt með tölvupósti.

Hugsagt getur, að fjölþóstmöguleikinn verði notaður oftar og meira, en hingað til hefur verið raunin, sjái stjórn félagsins ástæðu til, eða félagar okkar beri sérstaklega fram slíkar óskir.

Ottar Ottósson, ottar@internet.is.

Frá ritstjóra

Ritstjóra hefur borist til eyrna að kynna mætti betur félagsstarfið í fréttabréfinu, þ.e. það sem gerist innan stjórnar og lögréttu milli allsherjarþinga. Ritstjóri fagnar slíkri ábendingu, sem bendir til að einhverjir lesi fréttabréfið, en betur má ef duga skal, og vísar til *Vors síðar*, í eigin pistla, í 2. og 4. tbl. 2004 og 3. tbl. 2005 svo og pistla núverandi lögsögumanns okkar, sem tók vel í erindi ritstjóra um að greina frá stjórnarstarfinu milli fréttabréfa, fyrst í 5. tbl. 2004 og; svo í hverju bréfi eftir það, ásamt ritstjóra.

Varðandi upplýsingar um húsnæðismál milli fréttabréfa, skal það sagt, að þær breyttust milli daga og vikna og voru oft á viðkvæmu stigi, þannig að ekki var hægt að greina frá þeim fyrr, öðruvísi en gert var, enda kom ekkert fréttabréf á vegum undirritaðs út í sumar.

Að lokum skal þess getið að ritstjóri talað á útmánuðum við aðila sem tengdist ungliðastarfi félagsins, og það hann um fréttir frá þeirra starfi, en því miður liggur það niðri að hans sögn.

Aðsendar greinar, sem fjalla um heiðið efni og samkomur, eru vel þegnar í fréttabréfið, en gæta verður að því að rýmið er takmarkað, enn sem komið er, og þess vegna betra að beina myndum, ef þær eru margar, inn á heimasíðuna okkar. Þá er líka rétt að koma fréttum liðandi stundar, milli fréttabréfanna, á vefinn, sem er í umsjón Garðars Guðnasonar. www.asatru@asatru.is

*Egill Baldursson,
ritstjóri og staðgengill lögsögumanns.*

Fróðleikur um öl og mjöð

frh. úr 3. tölublaði 2004, eftir Gísla Guðmundsson, gerlafraeðing

Norðurlandarit fjalla nokkuð um ölhitu, einkum upp úr miðöldunum; að því er nokkur styrkur, en eldri rit Norðurlandabúa eru fámálug um þessa hluti; talsvert er af samtíningi í yngri ritunum úr fornritum vorum. Hið veigamesta eiga Norðmenn, því að þeir höfðu snemma lög eða reglur um öldrykkju. Fyrstu ákvæði þeirra um öldrykkju eru t.d. í Gulapingslögum, en eftir yfirskrift þeirra, álíta fornfræðingar, að þau séu til orðin á dögum Ólafs konungs hins helga og Magnúsar hins góða. Eitthvað úr þeim lögum hefir, eins og kunnugt er, slæðst inn í forn-íslensk lög. Eins og hér er skýrt frá, er ekki um auðugan garð að gresja, þegar rita á um ölhitu og öldrykkju Íslendinga. Það er nokkur raunabót, að ölhita hefir, fyrr og síðar, í raun og veru verið sama eðlis, og má því nokkuð treysta því, að höf. ráði rétt í eyðurnar. Algengustu almúgadyrkkir Íslendinga munu, eins og annarsstaðar, hafa verið vatn, mjólk, sýra og svo súrar áfir, sem forfeðurnir nefndu saup; það var talinn kostlíttill drykkur, enda þótti það ekki tryggt, þótt menn yrðu saup-sáttir.

Allt fram á miðaldir, var öl og mjaðardrykkja miklu veigameiri þáttur í lifn-aðarháttum Íslendinga en nú hefir verið síðari árin. Á söguöldinni mun einkum hafa verið drykkið mungát og mjöður á stórhátíðum og tyllidögum. Sögualdarmenn þekktu ekki annað en mungát og mjöð; það var drykkið af konungum sem kotungum. Þessvegna er líka enn þann dag í dag talað um ölvaða menn og ölæði, og sýnir það útaf fyrir sig, að ölföng voru drukkin til forna, og þjóðin heldur enn þá þessu orði um óláhrifin. Svo koma málsþættirnir: öl er innri maður, og öl er annar maður.

[Hér kemur allitarleg skýring Axels Bugge á orðinu öl. Í: *Ölskikker i Sagatiden*, A. Bugge, bls. 90].

En svo höfðu Norðmenn og Íslendingar alþýðlegt heiti á ölinu, nefnilega mungát. Að því er málfraeðingar vita best, er orðið ekki til í öðrum germönskum málum. Uppruni orðsins er líka ókunnur, en danski snillingurinn *Rask* segir, að *mun* sé að fá eitthvað í munninn og *gát* sé góðgæti. Yngri málfraeðingar hafa líka komist að svipaðri niðurstöðu um orðið mungát. Eflaust hefir ölið verið talið góðgæti til forna og jafnvel hið eina, sem um var að ræða, nema ef vera skyldi mjöðurinn, er talinn var ennþá lostfengari. Þótt Ármóður hafi varla meint það, sem hann sagði við Egil forðum, „at honum þætti þat illa, er hann hafði eigi mungát at gefa þeim“, þá liggur í orðalaginu, að hér væri um góðgæti að ræða. Á ýmsum orðabókum má sjá, að heitunum er ruglað saman, því að Sv. Egilsson þýðir orðið *mjöður* í *Lexicon Poeticum*: hugsvöln.

Ýmsir erlendir fræðimenn álíta, að mungát hafi verið alþýðuöl, kostað lítið og sama sem ekkert áfengi verið í því. Segja þeir, að margar hitur hafi verið gerðar af sama maltinu, og mungát hafi verið með því síðasta. Þetta er eftir því sem höf. veit best hinn mesti misskilningur, að því er séð verður á fornsögum vorum og öðrum gögnum er fjalla um ölhitu. Á miðöldum var raunar farið að gera margskonar öl, og þar á meðal áfengislítið öl, sem í Svíþjóð t.d. var nefnt engjaöl og notað fyrir druk, rétt eins og við höfðum sýruna. Sannleikurinn er sá, að á söguöldinni var hið þjóð-

lega heiti á heimagerðu öli mungát. Enda þótt höggvið sé eftir orðalagi *Laxdælu*: „En mungát skyldi skemta alþýðunni“, þá sannar það ekki, að mungát hafi verið óáfengt alþýðuöl, því að ótal mótsagnir koma bága við þetta orðalag. Hér nægir að benda á það eina dæmi, þegar Ármóði flaug það í hug að gera Egil og föruneysi hans ófært: „Því næst var öl inn borit, ok var þat hit *sterkasta* mungát“. En þegar um útlent öl var að ræða, einkum þýskt, sem jafnan þótti mjög áfengt, þá var ávalt talað um öl eða bjór. Þessi heiti á ölinu koma almennt síðar til sögunnar, enda mun erlent öl ekki hafa verið flutt til Noregs, fyrr en á 11. eða 12. öld. Farar-mungát sem getið er um í *Eglu* og víðar, var líka mungát, en hið svonefnda porsmungát, sem aðeins var gert í Noregi, mun hafa verið kryddað með porskvistum, og verður ef til vill vikið að þessu síðar. Fredrik Grön, sem vandlega hefir ritað um hið forna mataræði í Noregi allt fram á 15. öld, minnst á máldrykkju í Noregi hjá alþýðu og prestum. Prestarnir fengu einnig mungát, og nærri má geta, hvort þeim hefir verið gefið af verri endanum, þar sem þeir áttu að krossa ölið. Hér er líka sönnun fyrir því, að mungát hafi aðeins verið gott heimagerðt öl, en máldrykkjunni verður vikið að síðar.

Drykkjarheitin *veig* og *líð*, sem getið er um í *Snorra-Eddu*, eru líklega skáldakenningar, eða eldgömul drykkjarheiti, sem notuð hafa verið áður en menn gátu skilgreint hin eiginlegu heiti drykkjanna. *Orðabók* Fritzners segir *líð* hafa verið mjög áfengt. Vel getur verið, að hér hafi verið um þrúgvín að ræða, en líklegra er, að það hafi verið mjöður. Annars var öl- og mjaðarheitum iðulega ruglað saman; t.d. segir Sv. Egilsson í *Lexicon Poeticum*, að mjöður sé heiti ölsins í helju, enda má slíkt til sanns vegar færa, þegar rifjuð eru upp heitin á ölinu í Eddukvæðum. Hausavíxlin eru hálf óviðkunnaleg, því að öl eða mungát er gert af malti, en mjöðurinn af hunangi og mjaðarjurt. Sennilega hafa orðin verið notuð í skáldskap, eftir því sem best átti við í hvert skipti, en oft skipaði mjöðurinn þar öndvegi. *Etymologisk Ordbog* eftir Alf Torp rekur allrækilega feril orðsins mjöður. Hefir hann meðal annars fundið það í sanskrít, indogermönsku, grísku og fleiri fornum málum. Mjaðargerðin mun því vera komin til ára sinna, eigi síður en ölhitan.

Ritstjóri tók saman, — frh.

SAMRÆÐUR UM VORN SIÐ

Þriðjudagskvöldin 1., 8., 15. og 22. nóvember mun Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði, standa fyrir óformlegum fræðsluerindum um eðli og inntak hins forna átrúnaðar þar sem hann mun rekja kenningar og hugmyndir manna frá ýmsum tímum, allt frá ritum rómverjans Tacitusar fram á okkar daga. Áhugasamir mæti á Grandagarð 8 kl. 20 þessi þriðjudagskvöld. Nánari upplýsingar verður að finna á netsíðu félagsins.

Frá lögsögumanni

Eins og nærri má geta, hafa sölumál að mestu yfirgæft önnur mál félagsins undanfarnar vikur. Því fer reyndar fjarri, að sjái fyrir endann á húsnæðismálum okkar yfirleitt, því nú á næstunni þurfum við að rýma Grandagarð 8, finna okkur annað húsnæði, væntanlega þó aðeins til bráðabirgða, og reka mál okkar um lóð undir hof hjá Reykjavíkurborg. Á þessu stigi mála er þó lítið meira um þetta að segja, en vænta má, að til tíðinda hafi dregið, þegar kemur að næsta fréttabréfi.

Húsnæðismálin hafa þó ekki að fullu kaffært annað starf í félaginu, því haldin hafa verið blót og barnastarfið heldur sínu striki, svo og opna húsið o.fl. Nú alveg nýverið, gátum við boðið upp á tónleika með dansk-íslenska víkingatríóinu Kráku, en þessum þáttum starfsins eru gerð skil annars staðar í þessu riti.

Mikið hefur mætt á nokkrum forsvarsmönnum félagsins að svara alls konar fyrirspurnum í sambandi við söluna og annað henni tengt. Ófá hafa þau verið, löngu samtölin um þetta efni, þar sem nokkrir félagsmenn hafa eytt miklum tíma í misjafnlega raunveruleikatengdar vangaveltur um hvaða leiðir hefði verið hægt að fara, sérstaklega á grundvelli framtíðarvæntinga um þróun mála á Grandanum. Eins og ég tel að glögglega hafi komið fram á aukaallsherjarþinginu í síðasta mánuði, er þar ekkert, sem hönd á festir, enda ómögulegt að fullyrða neitt um, að slíkar vangaveltur verði nokkurn tíma barn í brók.

Nú er reglubundið allsherjarþing í aðsigi. Það er einlæg von okkar, sem að undirbúningi þess standa, að okkur öllum takist að ræða þar málefni félagsins í ein-drægni og á málefnalegan hátt. Allsherjarþingið þarf, venju samkvæmt, að fjalla um hefðbundin aðalfundarstörf, þótt varla velkist neinn í vafa um, að eitthvað muni húsnæðismálin bera á góma.

Hvað stjórnina varðar, er staðan sú, að lögsögumaður og staðgengill hans, ásamt ritara, voru kosin í fyrra til tveggja ára. Óttar Ottósson, Egill Baldursson og Rósa Eyvindardóttir, sitja því að öllu óbreyttu áfram, en gjaldkeri og meðstjórnandi, ásamt varamönnum, þurfa að ná endurkjöri til áframhaldandi setu. Þ.a.l. má búast við, að í framboði verði Sveinn Aðalsteinsson, Vilhjálmur Benediktsson, Ólafur Sigurðsson og Þórunn Brandsdóttir. Ekki er þó vitað með vissu enn, hvort þetta ágæta fólk gefur áfram kost á sér, en af lögum félagsins, § 4, og starfsreglum, § 4.4, má ráða, að „allir fullgildir félagar 16 ára og eldri“, nema allsherjargoði, séu kjörgengir til stjórnar.

Rétt er að minna á, að samkvæmt reglum félagsins, § 8.2., verður haldinn opinn lögréttufundur „fyrsta sunnudag eftir allsherjarþing“. Þ.a.l. verður sá fundur haldinn sunnudaginn 30. október nk., kl. 15:00, að Grandagarði 8, en „almennum félagsmönnum er heimilt að sitja fasta lögréttufundi“.

Varla er ofmælt, að nú eru mikil tímamót í starfi Ásatrúarfélagsins. Um 6 af hverjum 10 mættum félögum á nýliðnu aukþingi ákváðu að félagið skyldi selja fasteign sína og félagsheimili. Á næstunni liggur fyrir að taka ákvörðun um framtíðarstöðu húsnæðismála, þar sem hæst ber úthlutun lóðar og síðan væntanlega byggingu hofs og félagsheimilis. Nú eru allavega spennandi tímar framundan, þótt vissulega geti þeir orðið annasamir og örðugir.

10. október 2005, til árs og friðar,
Óttar Ottósson, lögsögumaður. (ottar@internet.is)